



Ólíkur félagslegur og menntapólitískur veruleiki íslenskra framhaldsskóla: Nám til stúdentsprófs í 20 ár af sjónarhóli framhaldsskólakennara og -stjórnenda

Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Lengi framan af var framhaldsskólamenntun til stúdentsprófs aðeins fyrir fáa útvalda úr efrilögum samfélagsins. Með tímanum jókst aðgengið og nú er framhaldsskólum á Íslandi skylt að mennta öll ungmenni undir 18 ára aldri sem lokið hafa grunnskólaprófi. Stór hluti þeirra þreytir stúdentspróf. Nám til stúdentsprófs hefur þróast og breyst undanfarna áratugi og þar kemur ekki eingöngu til stækkandi hópur nemenda sem sækja framhaldsskólann heldur ekki síður tilteknir alþjóðlegir menntastraumar og samfélagsbreytingar sem hafa sett mark sitt á kerfið. Þessar breytingar hafa snert framhaldsskólana og starfsaðstæður innan hvers þeirra en þó með misjöfnum hætti. Með þessari rannsókn var ætlunin að skoða starfsaðstæður kennara og stjórnenda; a) hvort og þá hvernig þær hefðu breyst á 20 ára tímabili, b) hvort og þá hvernig hugmyndir viðmælenda mörkuðust af ólíku félagslegu samhengi og markaðsstöðu skóla og c) hvort munur væri á upplifun kennara annars vegar og stjórnenda hins vegar. Rannsóknin byggðist á einstaklingsviðtölum við átta reynda kennara og stjórnendur í fjórum íslenskum framhaldsskólum. Val á framhaldsskólum í rannsókninni miðaðist við skóla með annaðhvort hátt eða lágt höfnunarhlutfall við inntöku. Í ljós kom verulegur munur milli skóla eftir höfnunarhlutfalli. Stefnumbreytingar stjórnvalda varðandi styttingu og fræðsluskyldu orkuðu ólíkt á skóla eftir markaðsstöðu þeirra þó að allir viðmælendur hafi verið neikvæðir gagnvart henni. Hins vegar voru aðrar breytingar sem orkuðu með svipuðum hætti á viðmælendur, eins og aukið álag og foreldrasamstarf og almenn ánægja með hækkun sjálfræðisaldurs. Munur á skoðunum og viðhorfum kennara og stjórnenda var lítill og frekar að skoðanir væru skiptar milli skóla en milli viðmælenda innan sama skóla.

Efnisorð: framhaldsskóli, skólaval, markaðsvæðing, kennarar, stjórnendur, starfsaðstæður.

Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið á vettvangi framhaldsskólans undanfarnin ár, ekki síst á inntaki, skipulagi og aðgengi að bóknámi. Á sama tíma hefur framhaldsskólum fjölgað um allt land og því geta nú fleiri nemendur af landsbyggðinni sótt sér menntun í heimabyggð. Auk þess sækja mun fleiri nemendur nú nám í framhaldsskóla en gerðu áður.

Árið 1999 gekk í gildi ný aðalnámskrá framhaldsskóla (Menntamálaráðuneyti, 1999) og árið 2008 tóku gildi lög sem knúðu á um endurskoðun allra áfanga og brauta og fræðsluskyldu fyrir alla nemendur undir 18 ára aldri sem lokið hefðu grunnskólaprófi. Framhaldsskólakerfið á því nú að rúma alla undir 18 ára sem þangað vilja sækja (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Í lögnum var jafnframt fjallað um aukinn sveigjanleika varðandi einingafjölda til stúdentsprófs. Margir skólar nýttu sér þennan sveigjanleika en aðrir héldu sig áfram við hámarks einingafjölda. Það var svo í

október 2014 sem koma tilmæli til skólameistara frá þáverandi ráðherra um að allar námsbrautir til stúdentsprófs skyldu stytta í þrjú ár (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Einhverjir skólar ætluðu sér að hafa áfram sjálfðæmi um einingafjölda á brautunum en ljóst að pólitísk stefna var um að styðja slíkt ekki fjárhagslega (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016).¹ Fyrsti árgangur sem fer allur í gegnum þriggja ára kerfið (fæddur 2000) lýkur stúdentsprófi í vor.

Á síðustu 20 árum hafa Íslendingar upplifað miklar efnahagssumhleyplingar, ekki síst í aðdraganda og eftirmálum kreppunnar 2008, og ljóst er að framhaldsskólakerfið fór ekki varhluta af því (Guðrún Ragnarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2014). Ríkjandi menntastraumar sem kenndir hafa verið við nýfrjálshyggju hafa einnig haft viðkomu innan íslenska menntakerfisins (Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016) og varða meðal annars aukna áherslu á árangur, samkeppni, val og einstaklingsábyrgð í stað samfélagsábyrgðar (Gewirtz, 2002). Foreldrar hafa fengið skilgreint hlutverk í skólastarfinu og eiga að tryggja hagsmuni barna sinna innan skólans til 18 ára aldurs. Frá því að aðalnámskráin 1999 tók gildi hafa tækninýjungar, snjalltæki og samskiptaforrit af ýmsu tagi ýtt undir einstaklingsvæðingu, breytingar á kennsluháttum og aukið upplýsingastreymi til foreldra. Þetta eru alþjóðlegir menntastraumar sem hafa haft áhrif á skólakerfi í hinum vestræna heimi (Lauder, Brown, Dillabough og Halsey, 2006).

Í takt við alþjóðlega strauma (Taylor, 2010) var framhaldsskólakerfið í heild skilgreint sem eitt markaðssvæði (upptökusvæði) fyrir nám til stúdentsprófs og svæðisbundin ábyrgð gagnvart nærsamfélagi afnumin (reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 98/2000). Á tæplega 20 ára tímabili síðan þá hafa skólar sem stóðu sterkt orðið enn vinsælli og því má segja að stigveldi milli skólanna hafi orðið brattara.² Tilteknir framhaldsskólar á landinu hafa lengst af getað valið nemendur inn í skólana út frá einkunnum. Það hefur einkum átt við um fjóra bóknámsskóla á höfuðborgarsvæðinu, auk eins bóknámsskóla utan þess, en aðrir framhaldsskólar hafa fyrst og fremst sinnt nærsamfélagi sínu (Magnús Þorkelsson, 2011). Hugmyndafræði um framhaldsskóla fyrir alla ryður sér til rúms og er svo staðfest í framhaldsskólalögum 2008, m.a. með ákvæði um fræðsluskyldu til 18 ára. Kennslufræði inngildingar (e. inclusion) kemur fram í Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 að því leyti að skólum almennt er ætlað að laga sig að fjölbreyttum nemendahópi:

Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. . . . Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafnvel (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 39).

Eftir kreppuna 2008 sóttust margir eftir að taka aftur upp þráðinn í framhaldsskólanum, m.a. í gegnum átaksverkefni stjórnvalda fyrir fólk sem misst hafði vinnuna og fóll m.a. í sér að öllum yngri en 25 ára sem sóttust eftir framhaldsskólavist var tryggður aðgangur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Nýr hópur nemenda innritaðist í fyrsta skipti árið 2009 sem vegna fötlunar (Helga Þórey Júlíudóttir, Kristín Björnsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016), uppruna/ríkisborgararéttar (Eva Harðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018) eða námsárangurs hafði fram að því ekki haft aðgengi að framhaldsskólum. Það varð því verulega aukið álag á framhaldsskólakerfið á þessum tíma. Í greininni er m.a. fjallað um það hvernig þessi ákvæði um aukið aðgengi allra nemenda að framhaldsskólanum, með tilheyrandi kröfum um aukna aðlögun skólanna að nýjum nemendahópum, mótaði starfsaðstæður innan skólanna með mismunandi hætti að mati kennara og stjórna.

¹ Þeir skólar sem ætluðu sér að bjóða upp á brautir sem fólu í sér fleiri einingar eða lengra nám urðu að líta fjárhagslegum skorðum ráðuneytisins, sjá t.d. í fundargerð við MA: „Sagt var frá því að við gerð nýs reiknilíkans væri verið að skoða að greiða eitt gjald fyrir brautir, óháð feiningafjölda. Það gæti því komið niður á þeim sem eru með fleiri feiningar“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016).

² Í annarri grein í þessu sérriti er þetta stigveldi greint nánar með því að kanna hugmyndir nemenda (Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Gardarsdóttir, 2018).

Eftir að landið í heild varð eitt innritunarsvæði jókst stigveldi skólanna, sem birtist m.a. í því að árið 2009 setti verulegur fjöldi nemenda á höfuðborgarsvæðinu sömu skólana í fyrsta og annað val. Það gerði það að verkum að yfir 200 nemendur á höfuðborgarsvæðinu með góðan námsárangur fengu ekki inni í neinum þeirra skóla sem þeir sóttu um (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2009). Því var það að vorið 2010 settu þáverandi menntamálaráðherra og starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins af stað tilraun til að binda 40–45% af innritun nýnema á stúdentsprófsbrautir að nýju við tiltekin skólahverfi grunnskóla. Þessi innritunarskilyrði voru einungis í gildi í tvö ár, frá 2010 til 2012, þar sem þau mættu mikilli andstöðu og voru að lokum úrskurðuð ólögleg³ (reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008; reglugerð um breyting á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 204/2012). Þessi tilraun er ein af stefnubreytingum stjórnvalda sem áttu sér stað á því 20 ára tímabili sem rannsóknin náði til.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna starfsaðstæður framhaldsskólakennara og -stjórnenda; a) hvort og þá hvernig þær hefðu breyst á 20 ára tímabili, b) hvort og þá hvernig hugmyndir viðmælenda mörkuðust af ólíku félagslegu samhengi og markaðsstöðu skóla og c) hvort munur væri á upplifun kennara annars vegar og stjórnenda hins vegar.¹ Rannsóknin, sem hér er til umfjöllunar, er ekki einföld viðhorfsrannsókn heldur sögulegt yfirlit þeirra sem hafa tekið þátt í áður nefndum hræringum, byggt á frásögnum reyndra kennara og stjórnenda í framhaldsskólum. Reynt er að átta sig á þrástefjum og því hvaða söguskoðun er ríkjandi meðal þátttakenda.

Í rannsókninni er gengið út frá gagnrýninni rannsóknarhefð þar sem megináhersla er lögð á félagslegt og pólitískt samhengi einstaklinga, skóla og samfélags. Innan gagnrýnu hefðarinnar þykir ekki nóg að rýna í faglega starfið og breytingastjórnun innan skólans heldur einnig í sögulegt, félagslegt og pólitískt samhengi skólasamfélagsins; stjórnenda, fagfólks, nemenda og foreldra og það hvernig gagnvirkni á milli þeirra mótast gerendamátt og afstöðu þeirra á menntavettvangi (Popkewitz og Fendler, 1999; Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016).

Í erlendum rannsóknum hefur komið í ljós að afnám hverfistengingar og markaðsvæðing skólavals ýti undir aukið stigveldi skóla og stéttskiptingu meðal nemenda (Arnesen, Lahelma, Lundahl og Öhrn, 2014; Ball, 1993; Orfield og Frankenberg, 2013; Yoon, Lubienski og Lee, 2018; Dovemark o.fl., 2018). Frelsi til að velja sér skóla eykst ekki nema hjá hluta nemenda, þeim sem eru sterkir námsmenn og þeim sem hafa sterka félags-, menningar- og efnahagslega stöðu (Klett-Davies, 2010).

Gerðar hafa verið tvær sambærilegar rannsóknir við þessa sem hér er greint frá, að því leyti að rýnt er í tilteknar breytingar á starfsaðstæðum kennara í íslensku framhaldsskólunum undanfarnin ár og áratugi (Guðrún Ragnarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013; Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013). Guðrún Ragnarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2014) skoðuðu breytingar á starfi framhaldsskólakennara eftir efnahagshrunið 2008. Þau fjalla á nokkuð ítarlegan hátt um breytingar sem urðu á starfi kennara við innleiðingu nýrra námskráa, bæði árið 1999 og 2008. Auk þess fjalla þau um aukið álag sem kennarar fundu fyrir í starfi vegna stærri og fjölbreyttari nemendahóps sem fékk aðgang að framhaldsskólunum eftir hrun með ýmsum átaksverkefnum sem vikið var að hér að framan. Þá skrifuðu Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2013) grein um viðhorf framhaldsskólakennara til breytinga á starfi sínu í þrjú áratugi. Ýmislegt sem fjallað er um í þeirra grein skarast við rannsókn okkar, enda er þar rætt við reynda kennara um breytingar á starfi þeirra. Breytingarnar snúa að nýjum nemendahópi, ólíkum kennsluháttum, aukinni notkun tölvu- og upplýsingatækni í vinnu kennara og álagi í starfi. Allt eru þetta atriði sem viðmælendur í rannsókn okkar tala um en áhersla okkar er þó önnur en þeirra Árnýjar Helgu og Ingólfs Ásgeirs þar sem við skoðum breytingar milli ólíkra skóla út frá félagslegum og menntapólitískum veruleika framhaldsskólanna. Áhersla okkar er á það að efla skilning á áhrifum opins skólavals og markaðsvæðingar á þróun starfsaðstæðna innan framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu; þeirra sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum af markaðsvæðingunni.

³ Sjá álit umboðsmanns Alþingis, mál nr. 5994/2010 og 6009/2010.

Aðferð

Hér verður fjallað nánar um rannsóknina; viðtölin, greiningu gagna, þátttakendur og skólana. Ætlunin var að byggja hana að mestu á viðamikilli reynslu þessara kennara og stjórna og þess vegna þóttu hálfstöðluð viðtöl besta leiðin til gagnaöflunar (Creswell, 2013). Í upphafi var ætlunin að ræða einungis við kennara. Þegar viðtölin og vinnsla gagna var hafin vaknaði áhugi rannsakenda á að kanna hvort munur væri á skoðunum kennaranna og stjórna á starfsaðstæðum þar sem þeir sinna ólíkum störfum innan framhaldsskólanna og koma að nemendahópnum úr ólíkum áttum. Því var ákveðið að bæta stjórnendum við þátttakendahópinn. Viðmælendur fengu nokkuð opnar spurningar sem þeir þurftu að svara eftir bestu getu, oftast eftir minni, stundum nokkur ár, jafnvel áratugi, aftur í tímann. Þeir voru með ártöl og aðrar tímasetningar á hraðbergi og virtust vera mjög öruggir í frásögnum sínum.

Þátttökuskólarnir

Tölfræðigögnum, sem stjórnendur létu okkur í té (tafla 1) um nemendur fædda 1997, var safnað frá þátttökuskólunum. Þeir nemendur voru útskrifaðir eða hefðu átt að útskrifast eftir fjögurra ára nám til stúdentsprófs vorið 2017, eða um það bil sem flest viðtölin voru tekin. Þetta er nánar sýnt í töflu 1 hér á eftir.

Tafla 1. Yfirlit yfir afdrif '97-árgangsins sem hóf nám í þeim fjórum skólum sem þátt tóku í rannsókninni.

	Hátt höfnunarhlutfall		Lágt höfnunarhlutfall	
	Hlynsskóli	Víðisskóli	Bjarkarskóli	Einisskóli
Meðaleinkunn úr grunnskóla	9,3	8,8 / 9,3 ⁴	6,7	7,1 (26% voru með stjórnun-merktar eink.) ⁵
Höfnunarhlutfall	55%	40%	17%	0%
Útskrifuð 2017 eða fyrr	84%	77%	18%	4%
• Enn í skólanum	0%	6%	37%	26%
• Brotthvarf '97-árgangsins úr skólanum vorið 2017	16%	16%	45%	70%

Eins og sést á töflu 1 voru langflestir nemenda Hlynsskóla og Víðisskóla útskrifaðir eftir fjögurra ára nám í skólunum en aðeins lítill hluti nemenda Bjarkarskóla og Einisskóla. Vorið 2017 voru hins vegar mun fleiri enn við nám í síðarnefndu skólunum úr '97-árganginum en útskrifuðust þá um vorið. Eins og sést einnig í töflu 1 höfðu aðeins 16% nemenda af '97-árganginum í Hlynsskóla og Víðisskóla hætt námi í skólunum frá því að þeir hófu nám haustið 2013. Hins vegar var brotthvarf þessa nemendahóps mun meira úr Bjarkarskóla og Einisskóla. Tæpur helmingur '97-árgangsins sem hóf nám við Bjarkarskóla haustið 2013 hafði hætt námi við skólann og 70% nemenda Einisskóla.

Skólarnir sem valdir voru til þátttöku búa við gjörólíkar aðstæður þegar kemur að innritun nýnema. Tveir þeirra eru meðal þeirra sem hafa lægst höfnunarhlutfall þegar kemur að inntöku nemenda á stúdentsprófsbrautir og hinir tveir eru meðal þeirra skóla sem eru með hæst höfnunarhlutfall og taka nemendur eingöngu inn á stúdentsprófsbrautir. Höfnunarhlutfall er einfaldlega hlutfall nemenda sem settu skólann í 1. eða 2. val en fengu ekki inngöngu, sem sagt var hafnað. Skólar sem hafa hátt höfnunarhlutfall geta því valið úr fjölda umsókna og hafnað nemendum eða valið þá inn eftir einkunnum. Skólar með lágt höfnunarhlutfall fá færri umsóknir og hafna fáum eða jafnvel engum nemendum.

⁴ Einkunnir nemenda sem komust inn í skólann 2013 voru á bilinu 8,8 til 9,3.

⁵ Ef einkunnir eru stjórnmerktar þýðir það að nemandi hafi ekki fylgt hefðbundinni námskrá og/eða fengið annað námsefni en aðrir nemendur árgangsins. Hjá einum stjórnanda Bjarkarskóla kom fram að ómögulegt væri að gefa upp hlutfall stjórnmerktra einkunna þar sem lítið væri að marka merkingarnar. Aðeins sumir grunnskólar stjórnmerktu einkunnir nemenda sinna. Þess vegna hefði það ídulega komið fyrir að nemendur hefðu fengið inngöngu í skólann miðað við ómerktar einkunnir. Síðar kæmi í ljós þegar þeir hæfu nám við skólann að þeir hefðu átt að vera með stjórnmerktar einkunnir.

Val á þátttakendum

Samtals voru tekin átta viðtöl, við fjóra framhaldsskólakennara og fjóra stjórnendur (áfangastjóra eða aðstoðarskólameistara) í sömu framhaldsskólum. Val á þátttakendum miðaðist við kennara með langa kennslureynslu og stjórnendur með mikla stjórnunarreynslu. Miðað var við að kennararnir hefðu allir kennt í framhaldsskóla í að minnsta kosti 20 ár en horft var til stjórnunarreynslu innan framhaldsskólanna þegar kom að vali á stjórnendum. Úrtakið var markmiðsbundið að því leyti að viðmælendur voru fundnir í tilteknum skólum sem skilgreindust með hátt/lágt höfnunarhlutfall og þurftu að uppfylla tiltekin skilyrði varðandi reynslu af kennslu/stjórnun í þeim skóla sem um ræddi. Valið var svo út frá hentugleika innan þessara viðmiða og tryggt að kynjahlutföll væru nokkuð jöfn (Silverman, 2010, 140–142).

Allir stjórnendurnir höfðu unnið í yfir 20 ár við sama framhaldsskólann en þó ekki allan tímann sem stjórnendur. Til að finna viðmælendur var ýmist sendur tölvupóstur til stjórnenda skólanna eða hringt í þá. Reynt var að finna viðmælendur úr ólíkum kennslugreinum og höfðu þátttakendur sérhæft sig í og kennt íslensku, stærðfræði, erlend tungumál, félagsgreinar og raungreinar.

Nöfnum viðmælenda og skólanna hefur verið breytt og öll persónueinkenni þátttakenda máð út. Kynjahlutfall viðmælenda var jafnt. Helga er kennari og Guðmundur er stjórnandi í Víðisskóla en sá skóli hefur fengið mikla aðsókn undanfarin ár og höfnunarhlutfall nemenda er því hátt. Hið sama á við um Hlynsskóla, en þar var rætt við Skúla kennara og Huldu stjórnanda. Bjarkarskóli og Einisskóli hafa verið með minni aðsókn en Víðisskóli og Hlynsskóli undanfarin ár og höfnunarhlutfall þeirra er því tiltölulega lágt. Nemendur sem sækja um þá skóla geta verið nokkuð vissir um að fá skólavist þar sem aðsóknin er minni en í eftirsóttustu skólana. Þótt nemendur eigi góða möguleika á að vera teknir inn í skóla með lágt höfnunarhlutfall er þó ekki víst að þeir fái endilega inni á þeirri námsbraut sem þeir kjósa helst. Í Bjarkarskóla var rætt við Ásdísi kennara og Albert stjórnanda en í Einisskóla var talað við Ómar kennara og Nína stjórnanda.

Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt og gögnin þemagreind með markmið verkefnisins í huga. Fyrstu viðtöl voru tekin í lok febrúar 2017 og það síðasta í mars 2018. Afritun viðtala fór fram á sama tíma.

Tafla 2. Yfirlit yfir viðmælendur.

Þátttakandi	Staða	Skóli	Höfnunarhlutfall	Viðtal tekið
Helga	Kennari	Víðisskóli	Hátt	Feb. 2017
Guðmundur	Stjórnandi	Víðisskóli	Hátt	Okt. 2017
Skúli	Kennari	Hlynsskóli	Hátt	Apr. 2017
Hulda	Stjórnandi	Hlynsskóli	Hátt	Nóv. 2017
Ásdís	Kennari	Bjarkarskóli	Lágt	Mars 2017
Albert	Stjórnandi	Bjarkarskóli	Lágt	Sept. 2017
Ómar	Kennari	Einisskóli	Lágt	Mars 2017
Nína	Stjórnandi	Einisskóli	Lágt	Mars 2018

Það er athyglisvert að allir viðmælendur í öllum skólunum, kennarar og stjórnendur, eru með sambærilega menntun, það er BA- eða BS-próf frá Háskóla Íslands, kennslufræði frá sama skóla og framhaldsmenntun (meistaragráðu) frá erlendum háskóla. Öll höfðu þau unnið lengi í skólunum sem þau störfuðu við, jafnvel alla sína kennslu- og stjórnunartíð, og sum gengu í sama skóla og þau kenna við. Þau gátu því rifjað upp hvernig skólinn var frá því að þau voru sjálf nemendur eða byrjuðu að kenna og gátu þá oft litið um 40 ár aftur í tímann þótt sjónum þeirra hafi verið beint að breytingum síðastliðin 20 ár.

Viðtölin

Viðtölin byrjuðu öll á spurningu um menntun og fyrri störf. Flestir viðmælendur nefndu í hvaða framhaldsskóla þeir hefðu verið en voru spurðir um það og ástæðu fyrir vali á framhaldsskóla ef þeir sögðu ekki frá því að fyrra bragði. Með því var ætlunin að kanna hvort bakgrunnur þátttakendanna væri ólíkur milli skólanna. Í framhaldinu voru viðmælendur spurðir hvernig skólabragurinn hefði verið fyrir um 20 árum í þeim skóla sem þeir starfa í og síðan hvort og þá hvernig hann hefði breyst. Næst komu spurningar er sneru að stefnu stjórnvalda og var þá sérstök áhersla á námskrárbreytingar. Yfirleitt nefndu viðmælendur sjálfir þessar breytingar en ef ekki voru þeir spurðir sérstaklega um þær. Þar á eftir var spurt um tilraun menntamálaráðuneytisins á árunum 2010–2012 til afturhvarfs til hverfaskiptingar við inntöku nýnema, hvernig viðmælendum hefði líkað sú tilraun og hvernig hún snerti skólann. Þá var spurt um breytingu á sjálfræðisaldri nemenda og breytingar á nemendasamsetningu skólans almennt undanfarin 20 ár. Síðan voru viðmælendur beðnir að meta skólann sinn, bæði út frá öðrum framhaldsskólum og hvernig hann hefði brugðist við hinum ýmsu breytingum sem orðið hefðu. Lokaspurningin tengdist oft því hvað hefði haft mest áhrif á breytingar á starf þeirra undanfarin 20 ár.

Siðferðileg álitamál rannsóknarinnar

Gengið er út frá því hér að sú þekking sem skapist í djúpvíðtölum sé sameiginleg þekkingarsköpun og mótist alltaf óhjákvæmilega af því hver tekur viðtölin og hverjir móta viðtals- og rannsóknarspurningar (Kvale, 1996). Fyrri höfundur, Ásgerður Bergsdóttir, tók öll viðtölin. Hún er starfandi framhaldsskólakennari og hefur starfað í ólíkum framhaldsskólum, bæði í Reykjavík og úti á landi og þekkir því ágætlega veruleika viðmælenda. Suma viðmælendur rannsóknarinnar þekkti hún vel, aðra lítið sem ekkert en flest viðtölin þróuðust á svipaða vegu og ekki fengust alltaf mestar upplýsingar hjá þeim sem rannsakandi þekkti vel.

Viðmælendur voru eins ólíkir og þeir voru margir. Vissulega kom meira fram í sumum viðtölum en öðrum, sumir töluðu frjálstlega um allar breytingar sem hafa orðið á skólanum þeirra og öðru sem spurt var um, aðrir gáfu aðeins upp það sem spurt var um og töluðu lítið út fyrir efnið. Þrástefin í svörum þeirra benda hins vegar til þess að þessi saga sé viðurkennd meðal skólafólks, þ.e. gefi mynd af ríkjandi orðræðu meðal þess.

Þótt nöfnum skóla og viðmælenda sé breytt getur reynst erfitt að „fela“ hvaða skóla er fjallað um í litlu samfélagi eins og okkar. Ýmislegt var gert til að leyna nöfnum skólanna. Til dæmis var allt sem gæti gefið vísbendingar um nöfn skólanna tekið út úr beinum tilvitnunum enda ein forsenda þátttöku viðmælenda að halda nöfnum þeirra og skólanna leyndum.

Niðurstöður

Þessum niðurstöðukafla er skipt í fimm undirkafla. Sá fyrsti fjallar um félagslegt sambengi skólanna, til dæmis hvert höfnunarhlutfall þeirra er og hversu stór hluti nemenda þátttökuskólanna útskrifast á réttum tíma. Annar kaflinn fjallar um þær breytingar sem urðu á starfi viðmælenda þegar sjálfræðisaldur nemenda þeirra hækkaði úr 16 árum í 18. Þær fólu í sér aukið samstarf milli foreldra og skóla og upplýsingagjöf skólanna til foreldra. Þriðji undirkaflinn fjallar um tilraunina sem var gerð árin 2010–2012 til að tengja innritun nýnema aftur að hluta til hverfaskiptingu framhaldsskólanna og hvað sú tilraun hafði í för með sér fyrir skólana. Fjórdi kaflinn fjallar um styttingu framhaldsskólans. Fimmti kaflinn fjallar svo um breytingar á nemendahópnum og félagslífi nemenda. Þetta voru þau þemu sem greindu á milli skólanna út frá höfnunarhlutfalli.

Félagslegt sambengi skólanna

Skólaþing í grunnskólum fer enn aðallega fram í gegnum búsetuval, að meðaltali yfir 80% nemenda sækja hverfisgrunnskóla sinn (Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir, 2018),

en innritun nemenda í aðra skóla en hverfisskólann hefur samt sem áður aukist talsvert á allra síðustu árum, m.a. með tilkomu fleiri einkarekinna skóla á grunnskólastigi. Hverfafaorgangur er enn við lýði í grunnskólunum en foreldrar geta sótt um aðra hverfisskóla og geta fengið inni í þeim skólum ef svigrúm leyfir. Þó að hverfafaorgangur í framhaldsskóla hafi verið aflagður sinna langflestir framhaldsskólar landsins fyrst og fremst nærsamfélagi sínu. Meginbreytingin á innritunarreglum fyrir framhaldsskólann var sú að nemendur með háar einkunnir fengu forgang í þá skóla sem þeir sóttust eftir umfram þá sem bjuggu í nærsamfélagi skólans. Þó að landið hafi ekki orðið eitt innritunarsvæði fyrir nám til stúdentsprófs fyrr en eftir síðustu aldamót stóðu skólar að einhverju leyti opnir fyrir nemendur sem bjuggu utan nærsamfélags þeirra en aðsóknin utan hverfis ógnaði ekki rétti þeirra sem náðu lágmarksárangri og bjuggu í skólahverfinu. Á síðustu árum hefur stigveldið milli skólanna orðið brattara og erfiðara en áður að komast inn í tiltekna skóla (Magnús Þorkelsson, 2011), eins og t.d. Hlynsskóla og Víðisskóla. Hlynsskóli er afar vinsæll og aðsóknin mikil í hann. Skólinn er í einstakri aðstöðu til að velja inn nemendur þar sem hann tekur minna en helming þeirra nemenda sem sækja um skólann í 1. eða 2. vali. Þrátt fyrir það var rúmlega 16% brottfall úr skólanum hjá árganginum sem skoðaður var. Stjórnandi skólans tók fram að þessi árgangur hefði komið verr út en yngri árgangar skólans. Víðisskóli hefur 40% höfnunarhlutfall, sem telst hátt miðað það sem tíðkast í flestum skólum (sjá nánar í töflu 1). Víðis- og Hlynsskóli eru meðal þeirra fimm skóla á landinu sem hafa hæst höfnunarhlutfall.

Í Bjarkarskóla kom í ljós að þeir nemendur sem komu inn haustið 2013 og stóðu best að vígi námslega, af þeim sem sóttu um (efstu 25%), völdu sér flestir sérhæfðar brautir en ekki hefðbundnar bóknámsbrautir, eins og félagsfræði-, mála- eða náttúrufræðibraut. Stór hluti alls hópsins útskrifaðist ekki vorið 2017, eins og hann hefði átt að gera samkvæmt viðmiðum um fjögurra ára skólagöngu til stúdentsprófs (sjá nánar í töflu 1). Í Bjarkar- og Einisskóla var reglan gjarnan sú að nemendur á réttu róli, þ.e. að útskrifast eftir fjögurra ára nám, voru í hópi þeirra sem hæstar einkunnir höfðu úr grunnskóla. Í Bjarkarskóla dvelja nemendur lengur en fjögur ár í skólanum (fyrir utan þá fimm sem luku stúdentsprófi á innan við fjórum árum). Með öðrum orðum; fjöldi útskrifaðra á „réttum tíma“, það er að segja útskrifaðir vorið 2017, er lágt hlutfall í skólunum með lágt höfnunarhlutfall.

Fjárhagsleg og félagsleg misskipting milli hverfa á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist á síðustu 20 árum (Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018) og til hafa orðið þyrpingar barnafjölskyldna í krefjandi aðstæðum í ákveðnum skólahverfum höfuðborgarsvæðisins. Greina má tilhneigingu meðal íslenskra foreldra til að velja sig frá þessum skólahverfum, þannig að æ stærra hlutfall nemendahópsins í þessum hverfum er af erlendum uppruna (Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir, 2018). Grunnskólahverfin í kringum Bjarkarskóla hafa ekki farið varhluta af þessari þróun, en innritun nýnema byggist fyrst og fremst á nemendum úr nærsamfélagi skólans. Einisskóli fær hlutfallslega færri nemendur en Bjarkarskóli úr grunnskólahverfunum í kring. Hann tekur við stórum hópi nemenda sem hverfa frá námi í öðrum skólum eða taka aftur upp þráðinn í námi sínu eftir hlé. Það sýndi sig m.a. í því hversu erfiðlega gekk að finna viðmælendur sem voru í efsta árangursfjórðungi og höfðu jafnframt verið í skólanum frá upphafi (Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Gardarsdóttir, 2018). Breytingar hafa því orðið á nemendasamsetningu milli skólanna, bæði vegna lýðfræðilegra breytinga í nærumhverfi þeirra og opins skólavals.

Breyting á sjálfræðisaldri – Innleiðing foreldrasamstarfs

Kennarar og stjórnendur í öllum skólum töldu að hækkun á sjálfræðisaldri árið 1999, úr 16 í 18 ára, hefði aukið vinnu þeirra. Miklu meiri upplýsingum þurfti að miðla til foreldra og forráðamanna, stofna þurfti foreldrafélög í framhaldsskólunum og bjóða upp á alls konar kynningarfundir, hafa umsjónarkennara yfir hópnum og fleira í þessum dúr. Þrír af fjórum kennurum, sem rétt var við, höfðu reynslu af því að hafa umsjónarbekk. Allir viðmælendur töluðu um eigin reynslu og/ eða annarra (samkennara og stjórnenda) af auknu álagi samfara umsjónarkennarastarfinu vegna samskipta og upplýsingagjafar til foreldra.

Þessi krafa, sko, að hafa samband við foreldra, hafa upplýsingarnar aðgengilegar fyrir foreldra inni á netinu og ... eiga í rauninni að ... að láta foreldra vita ef að ekki gengur sem skyldi ... (Helga, Víðisskóla).

[Við breytingu á sjálfræðisaldrinum] ... þá náttúrulega kemur allt þetta foreldrasamstarf og annað og, þú veist, foreldrafélag og foreldrar, og náttúrulega á sama tíma, upp úr aldamótum, að þá kemur Inna, skilurðu, og foreldraaðgangurinn ... (Nína, Einisskóla).

Kennarar töluðu um að þeir hefðu ekki verið sérstaklega vel undirbúnir fyrir þetta nýja hlutverk, að vera umsjónarkennarar.

... við umsjónarkennarar, sem höfðum oft litla menntun eða þekkingu eða hæfni til að takast á við þessi ótrúlegu vandamál sem að nemendur eiga við að glíma. Að sem betur fer eiginlega, sko, leita þau frekar til námsráðgjafanna sem kunna betur á þessu að taka heldur en umsjónarkennarar (Ómar, Einisskóla)

... það fylgdi því ákveðin vinna og ákveðin ábyrgð sem að ... öööö... mmmmaður var kannski ekki alveg fullkomlega undir það búinn, hvernig á ég að snúa mér í því, af því að maður var alinn upp með þetta ... þetta er einkamál nemandans og ... og hann á bara að standa ... skil á sínu sjálfur. Svo að mér fannst þetta breyting (Helga, Víðisskóla).

Í kennaranáminu í Háskóla Íslands, sem viðmælendur fóru allir í gegnum, var ekkert fjallað um foreldrasamstarf fyrr en eftir að lögum um sjálfræðisaldur var breytt. Það er því skiljanlegt að viðmælendum hafi fundist þeir óundirbúnir fyrir þetta nýja hlutverk.

Drátt fyrir aukna vinnu við þessa breytingu voru allir sammála um það að breytingin væri til góðs vegna þess að nú fylgdust foreldrar betur með námi barnsins síns og félagslífi þess, aðhaldið að heiman hefði orðið meira.

Þetta er auðvitað meiri vinna en ég held, hún skilar sér, sko, ef henni er sinnt að þá skilar hún sér. Svo náttúrulega er hún líka oft bara mjög erfið, ha. ... Og svona samstaða líka, þú veist, með eins og böllin og allt þetta, það er svona, og þar sé ég líka mikinn mun, hvernig er með drykkju og annað. ... Af því að það er meira utanumhald (Nína, Einisskóla).

Nína og Alfred í Bjarkarskóla töluðu bæði um hvernig það hefði gengið að fá foreldra í foreldrafélagið. Orðalagið er ekki ósvipað hjá þeim: Nína segir að foreldrar hafi ekki beinlínis slegist um að fá að vera í stjórn foreldrafélagsins í Einisskóla og Alfred segir að það hafi þurft að berjast fyrir því að fá fólk inn í stjórn foreldrafélagsins í Bjarkarskóla. Það hafi reyndar tekist fyrir rúmum 10 árum að fá öflugt fólk í stjórnina en fram að því hafi þetta verið erfitt og fáir mætt á foreldrafundi, sérstaklega ef litið er til þess hversu stór skólinn er og margir nýnemar.

Það er vel þekkt í erlendum rannsóknum að erfitt getur verið að manna foreldraráð og formleg störf foreldra inni í skólasamfélögum í félags- og efnahagslega krefjandi umhverfi (Holloway og Pimlott-Wilson, 2013). Algengast er að vinna foreldra fyrir skóla barna og unglunga sé í höndum mæðra sem eru ekki á vinnumarkaði, eru í hlutastörfum eða hafa það mikinn sveigjanleika í starfi að þær geti bætt slíkum ábyrgðarhlutverkum á sig. Oftar en ekki hafa foreldrar sem eru sjálfboðaliðar í skólastarfi jákvæða reynslu af skóla og þeim líður vel í því umhverfi og eiga sjálfir börn sem gengur vel í skóla félagslega og/eða námslega. Það er því ekki nóg að hafa tíma til að sinna foreldrarstarfi heldur þarf einnig sjálfstraust og samsömun við menningu skólans. Slíkt á mun oftast við um foreldra í milli- og efri stéttum (Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafðís Gísladóttir, 2017; Vincent, 2001).

Í Hlynsskóla var veruleikinn annar, þar er því sem næst 100% mæting á foreldrafundi og oft fylgja báðir foreldrar nemandanum. Hulda, stjórnandi í Hlynsskóla, sagði að stjórnendur og kennarar skólans yrðu óánægðir ef mæting á foreldrafundi og nýnemakynningar væri léleg en það gerðist

sjaldan. Hún viðurkenndi að hennar skóli væri með „rjúmann“ af nemendahópnum og taldi það ekki síst vera vegna aðhalds foreldranna, nemendur í Hlynsskóla ættu góða að: „Já, ég held að það sé nemendahópurinn, það er sérstaðan okkar, og þessir foreldrar sem að hugsa svona vel um börnin.“ Á hinum endanum eru nemendur Einisskóla:

Þetta eru ekki þessar sjálföruggu og flottu týpur sem eru að koma hérna og bara, þú veist, hafa frumkvæði að því. Þú ert kannski brotinn, skilurðu, með falleinkunn ... Ég veit ekki hvort maður á að segja það að krakkar sem koma með lélega útkomu úr grunnskóla, þetta getur að einhverju leyti endurspeglad einhvern menningarmun líka. – krakkar sem ekki var sinnt nógu mikið, þú veist, af því að foreldrarnir, þau unnu myrkranna á milli. Ég veit ekki, ég veit ekki hvort maður má segja svona ... (Nína, Einisskóla).

Viðmælendur úr Hlynsskóla voru ekki endilega vissir um að of mikið utanumhald væri til góðs:

Og svo ... böllin og ... allar þessar skemmtanir, hvað sést í leikritunum. Hvað það er lesið í dönskubókum, það er allt í einu farið að kvarta yfir öllu, foreldrarnir meira inni í því. Og maður alveg: Ha!? Þessi saga hefur verið kennd í 20 ár ... [hlær]. Næstum því, sko. Maður gat alveg séð þetta, að það gerðist að bara foreldrarnir eru miklu meira innvikaðir í allt. Og stundum alveg einum of. Og mér finnst, sko, leiðinlegi hlutinn af því er að mér finnst börnin þroskast seinna. ... foreldrarnir VILJA vita allt sem krakkinn er að gera, ... allt annað umhverfi en þegar við vorum ung. [hlær] (Hulda, Hlynsskóla)

Þessar tvær tilvitnanir lýsa vel þeim mun sem kennararnir töldu vera á félagslegu samhengi skólanna. Því hærri sem menntunar- og stéttarstaða er meðal foreldrahópsins sem tengist tilteknu skólasamfélagi, þeim mun meiri líkur eru á að foreldrar veiti skólanum gríðarlegt aðhald (Ball, 2003; Brown, 1990).

Almennt virtust viðmælendur vera sammála um að hækkun sjálfræðisaldurs hefði aukið vinnu þeirra, hún yki aðhald og eftirlit foreldra með börnum sínum og svo eftirlit með fagfólkinu í þeim skólum sem voru með hátt höfnunarhlutfall. Viðmælendur í Hlynsskóla og Víðisskóla töldu hins vegar að í þeim efnum – líkt og annars staðar í lífinu – mætti eftirlitið ekki ganga út í öfgar, foreldrar yrðu að slaka að einhverju leyti á taumi barna sinna og virða faglegt sjálfstæði kennara.

Fræðsluskylda og opið skólaval

Árið 2010 gerðu þáverandi menntamálaráðherra og starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins tilraun til að skilyrða inntöku í framhaldsskóla að nýju við tiltekin skólahverfi grunnskóla (Katrín Jakobsdóttir, 2011). Vegna mikillar andstöðu var horfið frá þessari tilraun árið 2012 og aðeins óskað eftir því að framhaldsskólar tækju aukið tillit til nemenda úr hverfinu, án þess að gerðar væru kröfur um tiltekið hlutfall.

Í Víðisskóla og Hlynsskóla hafa nemendur lengi verið valdir inn eftir einkunnum, ekki síst í Hlynsskóla. Stjórnandi Hlynsskóla taldi hverfaskiptinguna ekki hafa haft nein teljandi áhrif á sinn skóla. Breytingin á árunum 2010–2012 hafi ekki snert skólann neitt því að „góðir“ nemendur úr öllum hverfum borgarinnar héldu áfram að berjast um plássin í skólanum. Víðisskóli hefur yfirleitt getað valið inn nemendur, nema á stuttum tímabilum, meðan skólinn var enn hverfisskóli, og þegar aðsókn í skólann var minni en nú.

Þá var það þannig að við urðum að taka alla sem að náðu grunnskólaprófi á annað borð, við urðum að taka þá inn ef þeir bjuggu í hverfinu. En þetta varð til þess að það komu hingað nemendur sem áttu í raun og veru ekki erindi í bók..., svona stíft bóklegt nám. Þannig að, sko ... getan ... svona, ja, í náminu gat verið gríðarlega breið, sko. En þetta hefur ... breyst af því að nú eru ekki hverfisskólar Þannig að það má segja það að slökustu nemendurnir sem að ... þeir eru ekki lengur, koma ekki lengur hingað (Guðmundur, Víðisskóla).

Hér nær Guðmundur að lýsa mjög vel þeirri þróun sem hefur átt sér stað á síðustu 20 árum, það er frá því að flestir sem sóttust eftir plássi í Vídisskóla úr hverfinu fengu það því skólinn var hverfisskóli. Á síðustu árum hefur Vídisskóli getað horft til einkunna við innritun í skólann vegna aukinnar aðsóknar. Bæði í Vídisskóla og Hlynsskóla lögðu kennarar og stjórnendur áherslu á að námið í skólum þeirra væri alls ekki fyrir alla og það ætti ekki að þvinga nemendur, sem ekki ráða við námið, til að velja þeirra skóla með aðgerðum eins og afturhvarfi til hverfaskiptingarinnar. Þegar reynt var að koma 40% hverfaskiptingu á aftur (2010–2012) taldi stjórnandi Vídisskóla það misheppnaða tilraun sem hefði sem betur fer verið lögð af:

Þeir [ráðuneytið] reyndu að koma inn með þessa hverfaskiptingu...en það var kolómögulegt, sko. Og ... mætti mikilli gagnrýni og andstöðu þessara skóla ... þar sem þetta hefur eitthvað að segja. Þessir vinsælustu skólar, sko. Eða þessir aðsóknarmestu skólar. Þannig var bara bakkað út úr því ... (Guðmundur, Vídisskóla).

Helga, kennari við Vídisskóla, tók undir með Guðmundi og taldi að meðan skólinn var hverfisskóli hefðu of margir nemendur komið þangað sem réðu ekki við stíft bóknám eins og er í þeirra skóla.

Þá var þetta held ég bara hverfisskóli, sko ... og það kom inn straumur af krökkum sem voru á engan hátt undirbúin að fara í svona bóknám eins og það var hér og það var mikið fall og það var ekki bara mikið fall, það var svo hátt fall (Helga, Vídisskóla).

Þarna lýsir Helga vel veruleika flestra annarra framhaldsskóla og taldi slíkt ekki boðlegt fyrir sinn skóla, með miklar kröfur og hátt fall.

Þó að krafan hafi einungis verið að taka inn 40–45% nemendahópsins úr skólahverfinu töldu viðmælendur í Hlynsskóla og Vídisskóla að hverfistenging skólans væri ekki neinum í hag, hvorki skólanum né nemendum. Stjórnendur Vídisskóla og Hlynsskóla og kennari við Vídisskóla töldu að skipulagið, eins og það er núna, væri gott fyrir nemendur. Með þessum hætti fengju þeir sem réðu við erfitt bóknám nám í skóla við sitt hæfi og þeir sem væru ekki eins góðir á bókina eða réðu illa við bóknámið í þeirra skólum gætu farið í aðra skóla. Viðmælendur í Vídisskóla töldu einnig að nemendur sem ekki réðu við bóknámið ættu að skoða verknám í öðrum skólum en ekki reyna að berjast í gegnum bóknám í þeirra skólum. Ljóst var að viðmælendur úr Vídisskóla og Hlynsskóla gerðu skýran greinarmun á mismunandi hlutverkum skólanna og að þeir teldu að skólarnir ættu að sérhæfa sig í ólíkum nemendahópum.

Ólíkir skólar henta ólíkum nemendum bara. Og menn velja ... menn ættu að reyna að velja ... sko, skóla sem hentar þeim ... ef að ... eftir því hversu sterkir námsmenn þeir eru og hvað ... hvað... gengur vel ... og hvert þeir stefna í framhaldinu ... (Guðmundur, Vídisskóla).

...maður spyr sig af hverju fór ... vildi fólk fara hingað en með kannski slakar einkunnir úr grunnskóla. Það gerði sér sjálfsagt ekki grein fyrir hvað þetta var stíft nám. Svo hefur maður heyrt að nemendur sem hafa blómstrað ... eftir kannski að hafa fallerað hér, sko, blómstrað í einhverju iðnnámi eða verknámi (Helga, Vídisskóla).

Hér koma viðmælendur í Vídisskóla inn á valið sem nemendur hafa. Eins og Magnús Þorkelsson benti á í grein sinni í Netlu (2011) og eins og kom fram hér að framan hafa hins vegar ekki allir nemendur þetta val (Dovemark o.fl., 2018) þar sem aðeins hluti nemenda hefur raunverulegt val þegar kemur að framhaldsskóla. Aðeins þeir sem hafi mjög góðar einkunnir úr grunnskóla geta valið sér hvaða framhaldsskóla sem er til að ljúka námi til stúdentsprófs.

Stjórnendur Vídisskóla og Hlynsskóla ræddu um framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og víða um land á jákvæðum nótum. Þessir skólar tækju við og sinntu þeim nemendum sem ekki kæmust inn í þeirra skóla. Þar væri boðið upp á fjölbreyttara nám en í þeirra skólum og fyrir fjölbreyttari hóp. Stjórnendur beggja skólanna og kennari Vídisskóla minntust á tilraunir sem höfðu verið

gerðar til að hjálpa nemendum í náminu hjá þeim eða til að komast inn í hefðbundið bóknám í skólum þeirra en það hefðu verið misheppnaðar tilraunir. Þar kemur tvennt til: nemendur völdu ekki þessa leið og/eða réðu svo ekkert við framhaldið, það er að segja réðu ekki við hið hefðbundna nám þegar þeir voru komnir upp úr „fornáminu“ eða þegar stuðningnum sleppti.

Það var einhvern tíma sem við ... settum á laggirnar nám sem að ... almenna braut eða þannig, sko, sem að átti að vera svona fyrir þá sem voru lægri og manni fannst það alveg skrytið að taka toppana og lægstu krakkana en ekki miðkrakkana ... og herna ... en svo varð bara raunin sú að það voru bara tveir sem sóttu um það. Að þá bara hugsaði maður: ja, þessir krakkar, þau halda bara: nei, ég get ekki farið í [Hlynsskóla]. Eða eitthvað svona. Þannig að þau sóttu ekki um þetta. Þannig við hættem því og hugsuðum bara ... við gerum bara það sem við erum góð í (Hulda, Hlynsskóla).

Tilraunin sem sagt er frá hér er athyglisverð því að hún raskar í raun ekki formgerð eða markaðsstöðu skólans þar sem nemendur voru aðgreindir á tiltekna braut innan skólans. Ekki er um eiginlega blöndun eða inngildinguna (e. inclusion) að ræða.

Veruleiki viðmælenda í Einisskóla og Bjarkarskóla virðist vera annar en þeirra í Víðisskóla og Hlynsskóla. Kennarar fyrrnefndu skólanna töldu nemendahópin í skólum sínum hafa breyst undanfarnin ár, skólarnir væru orðnir „second chance“-skólar þar sem meirihluti nemenda við skólann ætti í námserfiðleikum eða væru nemendur sem hefðu flosnað upp úr námi annars staðar og kæmu til þeirra eftir það. Þá komi nemendur hugsanlega á sérhæfðar verknámsbrautir þegar þeir hafa ákveðið hvert þeir vilja stefna í lífinu. Kennurunum fannst þeir hafa verið með fleiri góða námsmenn í bekkjum sínum áður fyrr, ekki síst nemendur utan af landi sem voru sérlega góðir námsmenn.

Það gerist á svipuðum tímabilum sem að framhaldsskólarnir voru hverfisskólar og ... áður en var farið að raða í framhaldsskólana eins og gert er núna. Þá fengum við svona jafnari ... þegar röðunin er sett á fullkomlega ... að nemendur fá ekki að vera í sínu hverfi af því að þau eru ekki nógu góð eða nógu góðar einkunnir. Þá eykst [munur milli skóla] (Ómar, Einisskóla).

Ásdís, kennari í Bjarkarskóla, tók í sama streng og Ómar en dró þó örlítið úr þessu, fannst eins og hugsanlega væri eitthvað að breytast núna á allra síðustu árum:

Hérna áður fyrr ... að það var meira af duglegum nemendum og þegar maður finnur það í hópum, ég er alveg með þokkalega góða hópa núna í ár, frekar góða, og þá finnur maður að kúltúrin verður þannig að þau vinna öll. En svo þegar maður fær þessa hópa þar sem meirihlutinn er svona lélegur þá verður kúltúrin þannig að þau vinna ekki neitt. Þetta skiptir svolitlu máli, að meirihlutinn í skóla sé svolítið góður og metnaðargjarn. Ef meirihlutinn er lélegur þá ná hinir ekkert að hala þá upp. Þá verður allt dregið niður ... Og það fannst mér vera að gerast svolítið hérna fyrir þrem/fjórum árum ... en mér finnst þau betri núna ... eða sem ég hef haft í vetur. En það getur líka verið tilviljun, að ég hafi fengið betri hópa. Ég veit ekki alveg hvernig það er (Ásdís, Bjarkarskóla).

Kennarar bæði Bjarkarskóla og Einisskóla tala um efni, bækur eða verkefni, sem þeir gátu auðveldlega lagt fyrir nemendur á árum áður en væri ekki hægt í dag þar sem nemendur þeirra ráði ekki við efnið. Áður fyrr hafi verið hægt að bjóða upp á nokkuð erfiða valáfanga sem engin eftirspurn sé eftir nú á tímum. Undir þetta tók stjórnandi Einisskóla að nokkru leyti; fyrir afnám hverfaskiptingar hafi nemendahópur framhaldsskólanna verið jafnari að getu. Viðmælendur í Einisskóla töldu líka að á árum áður hefði ákveðinn hópur utan af landi og úr vissum úthverfum borgarinnar sótt skólann, en þetta hefði breyst. Fleiri skólar hafa verið stofnaðir úti á landi en þó taldi Nína, stjórnandi í Einisskóla, líka að hefðin fyrir því að sækja skólann hefði lagst af – einhverra hluta vegna – og nemendur frá þessum stöðum hætt að sækja um.

Félags- og menningarleg skipting milli skólanna hefur ávallt verið ójöfn en aukinn ójöfnuður í búsetuþróun (Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018) og opið skólalag hefur ýtt enn frekar undir þennan ójöfnuð. Slík þróun hefur átt sér stað víða í stærri borgarsamfélögum (Forsey, Davies og Walford, 2008; Yoon o.fl., 2018). Jafnframt er ljóst að fræðsluskyldan skapaði nemendum, sem áður höfðu ekki sóst eftir námi eða verið synjað um inngöngu, óskoraðan aðgengisrétt. Þessi nýi hópur, sem var aðeins nokkur prósent af 1997-árganginum, dreifðist ójafnt á skólana og því tala kennararnir í Bjarkarskóla og Einisskóla meira um breytingar í kjölfar fræðsluskyldunnar. Skólar með hátt höfnunarhlutfall fundu ekkert fyrir þeirri aðgengisbreytingu.

Stytting framhaldsskólans – Ólík áhrif eftir höfnunarhlutfalli skóla

Með námskrárbreytingunni 2011, sem tengist styttingu náms til stúdentsprófs, er gert ráð fyrir að nemendur hefji nám á 2. þrepi. Til að það gangi þurfa þeir að hafa fengið einkunnina B eða hærra í kjarnagreinunum, íslensku, ensku og stærðfræði. Skólar með hátt höfnunarhlutfall, eins og Vídisskóli og Hlynsskóli, hafa tekið við nemendum sem uppfylla þetta skilyrði og nemendur þeirra fara því beint inn á 2. þrep. Nemendur sem fara í Bjarkarskóla og Einisskóla hafa hins vegar margir ekki náð B í öllum þessum greinum og þurfa að byrja á áföngum á 1. þrepi, jafnvel í svokölluðum núll-áföngum, hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksviðmiðum í einhverri af kjarnagreinunum. Því komast ekki allir nemendur þessara tveggja síðarnefndu skóla í gegnum stúdentsprófið á þremur árum.

Ákveðið var að spyrja ekki beint um styttingu náms til stúdentsprófs að fyrra bragði. Spurt var um námskrárbreytingar tengdar henni og beðið eftir að viðmælendur nefndu styttinguna fyrst. Allir viðmælendur, fyrir utan Ómar, kennara í Einisskóla, minntust á styttinguna og töldu hana vonda breytingu. Þó nefnir Ásdís, kennari í Bjarkarskóla, að endurskipulagning námsgreinar hennar hafi bætt áfanga greinarinnar heilmikið. Að öðru leyti er hún ósátt við styttinguna, eins og aðrir viðmælendur.

Margir töluðu um að styttingin hefði átt að fara fram í grunnskólanum, aðrir að það hefði ekkert þurft að fara í breytingar yfir höfuð.

En það sem ég hef hins vegar á móti því er að styttingin skuli koma nú á framhaldsskólann en ekki á grunnskólann ... Af því að það eru allir nemendur meira og minna sammála því að styttingin ætti að koma, þau segja manni það að ... að þau læri ekki nógu mikið síðustu árin í grunnskólanum. Þetta er ... þá kemur þetta bara sem skerðing á námi í heildina ... núna ... tvö undanfarin ár og þá upplifði ég bara skerðinguna alveg hreint um 20% ... milli ára (Skúli, Hlynsskóla).

Kennarar og stjórnendur í Vídisskóla og Hlynsskóla voru meira samstíga í neikvæðni sinni gagnvart styttingunni en viðmælendur í Einisskóla og Bjarkarskóla. Nína, stjórnandi í Einisskóla, gekk meira að segja svo langt að segja að þessi stytting væri bara að nafninu til, hún væri aðeins stytting fyrir sérlega góða nemendur en ekki hinn almenna nemanda.

Náttúrliga um leið og þú ... varst með fall úr grunnskóla þá þarftu að byrja í svona núll-áföngum og það getur ... það tefur alveg, getur tafið allt að einni önn. ... Þetta þriggja ára og fjögurra ára dæmi, þetta er svo mikil blekking í þessu. ... Þegar ég er að bera saman að þetta munar svona þremur áföngum, sirka. Og það sem dugði að taka sex áfanga á hverri önn, þau verða að ljúka sjö áföngum. Þau verða að hafa fengið sem sagt B í öllum kjarnagreinunum, mega aldrei falla í neinu, þá gengur þetta (Nína, Einisskóla).

Þetta varpar skýru ljósi á það hversu ólíkur nemendahópur Nínu er nemendahóp Skúla í Hlynsskóla. Nínu finnst blekkingin ekki síður felast í því að þetta hafi nemendur getað hér áður fyrir: „Sterkir nemendur hefðu alltaf getað flýtt fyrir sér í námi, til dæmis með því að taka

hraðferðir og/eða fleiri áfanga á önn, og þannig útskrifast á þremur árum eða minna.“ Þess vegna telur Nína ekki sérstaka kerfisbreytingu fölgna í styttingu náms til stúdentsprófs, eiginlega sé þetta breyting breytinganna vegna og eingöngu fyrir sterka námsmenn.

Stytting náms til stúdentsprófs virðist hafa snert skólana á ólíkan hátt þótt viðmælendur telji hana neikvæða breytingu á framhaldsskólakerfinu. Hlynsskóli og Víðisskóli, skólarnir sem fá nemendur beint inn á 2. þrep, finna mun meira fyrir styttingunni en Bjarkarskóli og Einisskóli sem fá nemendur frekar inn á 1. þrep, jafnvel inn í undirbúningsnám fyrir 1. þrep. Námsstími þeirra nemenda styttest ekki, þrátt fyrir þessa breytingu, þar sem þeir fara ekki beint inn á 2. þrep, sem er forsenda styttri námstíma nemenda.

Breytingar á félagslífi skólanna

Allir viðmælendur voru sammála um að félagslíf nemenda hefði breyst á undanförunum árum. Margir nefndu það sem er horfið, eins og blaða- og tímaritaútgáfur og öflugra leiklistar- og tónlistarlíf. Nokkrir minntust á á hversu erfitt væri að fylgjast með því sem væri um að vera í félagslífinu vegna þess að nú væri allt auglýst á samskiptamiðlum sem fáir eða engir úr starfslíði skólans hefðu aðgang að. Breytingarnar voru hins vegar nokkuð ólíkar eftir því hvort skólinn hafði hátt eða lágt höfnunarhlutfall. Viðmælendur í Víðisskóla og Hlynsskóla höfðu áhyggjur af því hvað styttingin hefði neikvæð áhrif á félagslíf nemenda en ástæður breytingar voru aðrar hjá skólum með lágt höfnunarhlutfall.

Viðmælendur í Einisskóla og Bjarkarskóla töldu að styttingin hefði lítil áhrif á félagslíf nemenda en félagslífið hefði tekið miklum breytingum í gegnum árin og verið mun öflugra áður fyrr: margir og mjög fjölbreyttir viðburðir, jafnvel vikulega eða oft í viku, ýmiss konar útgáfustarfsemi, klúbbastarf, kór og leiklistarhópar voru áður starfandi við skólana. Þetta hefði minnkað eða horfið úr skólunum. Hluti af skýringunni var tengdur þeim stóra hóp nemenda sem væri eldri en hinn venjulegi framhaldsskólanemi:

... sem svona almennt félagslíf nemenda höfðar ekki til. Menn fara ekki að fara á skólaböllin á þessum aldri og ... þetta breiða aldursbil gerir það að eldri nemendur eru ekki að taka þátt í þessum böllum sem virðast vera aðalatriðið í félagslífi nemenda (Ómar, Einisskóla).

Nína, stjórnandi í Einisskóla, tekur undir þetta sjónarmið Ómars. Hún segir félagslífið lítið í skólanum, bæði vegna aldurs nemenda en einnig vegna þess að

þau eru svo einhvern veginn fá [nemendur sem hafa brennandi áhuga á félagslífinu] og oft líka bara þessir krakkar kannski, þetta eru ekki þessar sjálföruggu og flottu týpur sem eru að koma hérna og bara, þú veist, hafa frumkvæði að [félagslífinu] (Nína, Einisskóla).

Í rannsóknnum á yngri unglíngum hefur komið fram að tengsl milli námsárangurs, vinsælda og þess að bjóða sig fram til forystu megi rekja til baklands nemenda og stéttarstöðu. Þeir hópar sem gjarnan fá rými til að þjálfra leiðtogahæfni sína í grunnskólum eru góðir nemendur (e. high achieving pupils) sem margir eru úr milli- og efri stéttum (Francis, Skelton og Read, 2012). Ekki hefur verið kannað kerfisbundið hvort slíkt eigi við hér á landi en samkvæmt viðmælendum virðist talsverður munur vera á virkni nemenda í félagslífi eftir höfnunarhlutfalli skóla.

Stjórnendur Víðisskóla og Hlynsskóla höfðu áhyggjur af áhrifunum sem styttingin hefði á nemendur þeirra. Þeir veltu fyrir sér hvort nemendur myndu kikna undan álaginu og félagslífið myndi minnka og höfðu jafnframt áhyggjur af því að nemendur þyrftu að hætta öðru námi, eins og tónlistarnámi og íþróttum:

Í þessum tónlistarskóla ... er talað um það að nemendur í þessu þriggja ára kerfi hafa minni tíma til að sinna tónlistinni. Og mér finnst það alveg bara hrikalega sorglegt, sko.

Það sama á eflaust við um íþróttafélögin og allt þetta tólmstundastarf, sko. Sjálfboðastarf, skátarnir, skilurðu, eða björgunarsveitin ... hvað menn eru að gera ... það er allt orðið erfiðara fyrir ungt fólk að fara í þessa hluti sem mér finnst bara sárgrætilegt (Guðmundur, Víðisskóla).

Viðmælendur í Bjarkarskóla og Einisskóla sjá hvernig félagslífið hefur breyst og minnkað undanfarin ár og tengja það breyttri samsetningu nemendahópsins, en viðmælendur í Hlynsskóla og Víðisskóla hafa aðallega áhyggjur af því hvernig félagslíf nemenda muni nú breytast eftir styttingu náms til stúdentsprófs. Í því sambandi nefndi Hulda í Hlynsskóla þroska nemenda. Meðan nemendur voru í framhaldsskóla í fjögur ár hefðu þeir þroskast mikið og þroskinn hefði ekki síst átt sér stað á síðasta árinu.

Vandi skólanna fjögurra er því nokkuð ólíkur þótt allir viðmælendur hafi áhyggjur af félagslífinu og geri sér grein fyrir mikilvægi þess í skólastarfinu. Einisskóli og Bjarkarskóli, skólar með lágt höfnunarhlutfall, sjá þegar mikinn mun á félagslífinu í skólunum og rekja það til breytinga á nemendahópnum. Í Víðisskóla og Hlynsskóla telja kennarar og stjórnaendur hins vegar að kerfisbreytingar eins og stytting náms til stúdentsprófs valdi því að nemendur þeirra dragi úr þátttöku í félagslífinu.

Samantekt og lokaorð

Ljóst er að ýmsar breytingar hafa orðið á starfsaðstæðum kennara og stjórnaenda í framhaldsskólum undanfarin 20 ár. Þessar breytingar hafa ólíkar birtingarmyndir eftir félagslegu samhengi skólanna og markaðsstöðu. Munur á upplifun kennara annars vegar og stjórnaenda hins vegar var ekki eins mikil og miklu frekar var munur milli skóla en viðmælenda innan sama skóla.

Félagslegt samhengi skólanna er mjög ólíkt eftir því hvort þeir hafa lágt eða hátt höfnunarhlutfall. Þótt langflestir framhaldsskólar landsins sinni fyrst og fremst nærsamfélagi sínu eru nokkrir, þar á meðal Víðisskóli og Hlynsskóli, sem geta valið nemendur inn eftir einkunum og eru því með nokkuð einsleitum nemendahóp hvað það varðar. Aðrir skólar, eins og Bjarkarskóli og Einisskóli, hafa aftur á móti ekki mikið val um nemendur. Í nærumhverfi Bjarkarskóla er hátt hlutfall fólks sem býr við krefjandi fjárhagslegar og félagslegar aðstæður. Það hefur þó ekki alltaf verið raunin en misskipting milli hverfa á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist (Auður Magnús Magnúsdóttir, 2018) og grunnskólahverfin í kringum Bjarkarskóla hafa ekki farið varhluta af því. Einisskóli byggir minna en Bjarkarskóli á grunnskólahverfunum í kring en tekur við stórum hópi nemenda sem hverfa frá námi í öðrum skólum eða taka aftur upp þráðinn í námi sínu. Nemendur Einisskóla og Bjarkarskóla eru því fjölbreyttur hópur, bæði hvað varðar aldur nemenda, þjóðerni, námsstöðu og menntunarþarfir.

Þetta ólíka félagslega samhengi og markaðsstaða skólanna kom berlega í ljós þegar skoðaðar voru hugmyndir viðmælenda og reynsla þeirra. Skólarnir virðast hafa þurft að bregðast við á ólíkan hátt eftir því hvort höfnunarhlutfall þeirra var hátt eða lágt. Þannig virðist nemendahópur Hlynsskóla og Víðisskóla hafa breyst minna en hinna vegna þess að skólarnir geta, nú sem fyrr, tekið inn góða námsmenn með sterkt bakland foreldra. Þessir tveir skólar hafa því ekki þurft að fara í eins miklar breytingar.

Allir viðmælendur voru sammála um að vinnuálag hefði aukist nokkuð þegar sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum upp í 18 ár en þeir töldu jafnframt að breytingin hefði verið til góðs vegna þess að nú fylgdust foreldrar betur með börnum sínum í námi og veittu þeim nauðsynlegt aðhald. Hins vegar var greinilegt að foreldrasamstarfið í skólunum var með mjög ólíkum hætti. Foreldrasamstarf í Víðisskóla og Hlynsskóla var öflugt – jafnvel svo að viðmælendum þótti nóg um – en í Bjarkarskóla og Einisskóla var þátttakan dræmari, þótt það hefði batnað með árunum.

Tilraun menntamálaráðuneytisins til að hverfaskipta skólunum var misvel tekið eftir því hver markaðsstaða skólanna var. Breytingin kom illa við skólann að mati viðmælenda úr Víðisskóla og Hlynsskóla, enda var hún líkleg til að raska náms- og félagslegri samsetningu nemendahópsins í skólanum og knýja á um miklar breytingar á kennsluháttum þar sem nemendahópurinn hefði orðið fjölbreyttari. Viðmælendur Bjarkarskóla og Einisskóla töldu hins vegar að eftir að hætt var við tilraunina hefði sterkum námsmönnum í skólum þeirra fækkað og því hefði tilraunin til hverfaforgangs verið jákvæð fyrir skóla með lágt höfnunarhlutfall eins og þeirra.

Viðmælendur nefndu allir ýmis dæmi um hvernig félagslíf skólanna hefði breyst á undanförunum 20 árum, en þar kemur annars vegar til afar fjölbreyttur nemendahópur í Bjarkarskóla og Einisskóla og svo stytting náms til stúdentsprófs hins vegar, sem virtist hafa mun meiri áhrif í Hlynsskóla og Víðisskóla. Í Bjarkarskóla og Einisskóla eru ekki lengur starfandi kórar eins og áður, leiklistarnefnd ekki eða lítt starfandi og leikrit, sem áður var árviss viðburður, er sjaldan eða aldrei sett á svið lengur. Erfitt virðist vera að halda uppi öfluglu félagslífi í Einisskóla og Bjarkarskóla vegna fjölbreytileika nemendahópsins, ekki síst aldursdreifingar hans. Á meðan hafa viðmælendur Hlynsskóla og Víðisskóla áhyggjur af því að félagslíf þeirra skóla muni breytast nú, þegar námstíminn styttist úr fjórum árum í þrjú og námsálag eykst. Þess má hins vegar geta að stórar leiksýningar eru árlega settar upp í þessum skólum og því virðist breytingin vera mun meira afgerandi í skólum með lágt höfnunarhlutfall.

Þótt allir viðmælendur hafi haft miklar efasemdir um ágæti styttingar náms til stúdentsprófs virtist hún hafa haft meiri áhrif á Víðisskóla og Hlynsskóla en Bjarkarskóla og Einisskóla. Í Bjarkarskóla og Einisskóla virtist styttingin ekki hafa haft mikil áhrif nema hvað varðar breytingar á inntaki áfanga og brauta. Nemendur í þessum skólum ljúka fæstir stúdentsprófi á þremur árum. Nýnemar Víðisskóla og Hlynsskóla fara aftur á móti beint inn á 2. þrep og ljúka því langflestir náminu á þremur árum. Viðmælendur í þessum tveimur skólum töldu að námsálagið hefði aukist við styttinguna og þess vegna hefðu nemendur dregið úr frístundastarfi, til dæmis tómsundaíðkun og félagsstarfi í skólanum. Áhugavert væri að skoða þetta nánar meðal nemenda.

Starfsaðstæður kennara og stjórnenda í framhaldsskólum höfðu vissulega breyst á þessum 20 árum. Eins og kom fram í grein Árnýjar Helgu og Ingólfs Ásgeirs í Netlu 2013 fundu kennarar fyrir breytingum á starfi sínu, til dæmis vegna aukinnar umsýslu (skráningar af ýmsu tagi, tölvupóstsamskipti og fleira), vegna nýrrar tækni, nýrra námskráa og ýmissa vandamála í nemendahópnum. Rannsókn okkar bendir til þess að breytingarnar hafi verið meiri í þeim skólum sem hafa lágt höfnunarhlutfall en í þeim sem eru með hátt höfnunarhlutfall. Þótt allir viðmælendur teldu sig finna mun, til að mynda á nemendahópnum, var sá munur umtalsvert meiri í fyrrnefndu skólunum. Þróunin hér á landi virðist því vera sú sama og annars staðar þar sem stigveldi skóla hefur aukist. Óþið skólaval og menntastraumar nýfrjálshyggjunnar koma verr við skóla sem taka við breiðum hópi nemenda en þeim skólum sem geta valið inn nemendur eftir einkunum.

Professional working conditions in Icelandic upper-secondary schools during the last twenty years: Narratives of policy and socio-cultural changes in neoliberal times

Upper-secondary schools in Iceland are obligated to offer education to everyone under the age of 18, who has finished compulsory school. The greater part of these students then continue and complete their matriculation examinations (i. Stúdentspróf). During the past few decades, there have been both socio-economic and policy changes in Iceland, leading to an increase in the number of students attending upper-secondary school. The increase has also been fuelled by neoliberal and transnational policy forces which have influenced the educational system. The aim of this research is to study working conditions of teachers and supervisors, focusing on; a) whether, and then how, their conditions have changed during the past twenty years, b) whether, and then how, the ideas of those who were interviewed were influenced by the school's social context and market value and c) whether there was a noticeable difference between teachers and supervisors in how they experienced this change at their schools.

In 1999 a new main curriculum policy for upper-secondary schools was implemented. Among changes made was the reduction of academic tracks down to three. In 2008 laws were passed that required upper-secondary schools to revise every stage and study-track and made it compulsory for the upper-secondary education system to accept everyone under the age of 18 who had finished primary school. Additionally, these laws allowed for a reduction of units required to finish upper-secondary school. Recently, the minister of education changed the studying time required for matriculation exam, from four years to three. Apart from formal policy changes there have been transformative social and educational changes regarding technical innovations, smart phones and interconnection programmes of all kinds which have encouraged individualisation in learning.

Neoliberalism has shaped educational policy and practice in Iceland in step with the Nordic countries, emphasizing marketization, neo-managerialism, choices and individual risks and responsibilities. It is clear that those changes have affected the upper-secondary schools and the working conditions within them.

This research was built on individual interviews with eight experienced teachers and school supervisors within four different Icelandic upper-secondary schools. All of the persons interviewed had been involved with their school for more than twenty years. Eight interviews were conducted with four secondary school teachers and four managers (field-supervisors/vice-principals). The schools chosen for participation provided a good spectrum of upper secondary-schools in Iceland. Two of them have one of the lowest rejection rates in the country, as they rarely reject a student that applies for the school, while the other two schools are amongst those that have the highest rejection rate. The lower-ranking schools have a much wider age distribution of students than the elite schools.

This study revealed a considerable difference in how school staff in schools with a high rejection rate and schools with a low rejection rate experienced changes in the education system. While some changes within the education system seemed to affect all the schools in a similar way, for example increased pressure due to change of age of majority (from 16 to 18) and parent cooperation, other changes such as government policy regarding the reduction in teaching hours, lesson units and allocated study time, showed a drastic difference in experience.

The study indicated no noticeable difference in the views and attitudes of teachers and supervisors. While revealing an obvious difference in how the various schools experienced these changes, the study recorded hardly any difference within the same school, since both teachers and supervisors seem to be experiencing the same situation within their own school.

Working conditions of teachers and supervisors have certainly changed during the past twenty years although the changes seem to have been more strongly felt in the schools which have a low rejection rate than in those with a higher rejection rate. Even though all the interviewees experienced a change under the new regulations, for example regarding the diversity of the student group, this difference was considerably greater in schools with a low market value.

Key words: upper-secondary education, school choice, school hierarchy, teachers, managers, working conditions.

Um höfundana

Ásgerður Bergsdóttir (asb51@hi.is) starfar sem framhaldsskólakennari við Fjölbautaskólann í Breiðholti. Hún lauk BA-prófi í íslensku árið 1996 frá Háskóla Íslands og kennslufræði frá sama skóla árið 1998. Hún er að ljúka meistaraþrófi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur starfað sem framhaldsskólakennari frá árinu 1998 (með nokkrum hléum þó), bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Berglind Rós Magnúsdóttir (brm@hi.is) er dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsþrófi í félagsfræði menntunar 2014 frá Cambridge-háskóla í Bretlandi, MA-prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá HÍ 2003 og kennaraþrófi frá Kennaraháskóla Íslands 1998. Hún hefur m.a. starfað sem grunnskólakennari, jafnréttisfulltrúi HÍ og ráðgjafi ráðherra í menntamálum. Rannsóknir hennar hafa að undanförmu snúð að áhrifum einstaklings- og markaðsvæðingar á jöfnuð og félagslegt réttlæti í skólastarfi, ekki síst gagnvart nemendum sem skilgreinast á jaðrinum.

About the authors

Ásgerður Bergsdóttir (asb51@hi.is) works as an upper-secondary school teacher in Reykjavík. She completed a BA degree in Icelandic in 1996 from the University of Iceland and received teacher certification from the same university in 1998. Currently, she is completing a master's degree in education from the University of Iceland and this article comprises the main results of her MEd thesis. She has worked as a secondary school teacher since 1998, both in the capital area and in rural regions.

Berglind Rós Magnúsdóttir (brm@hi.is) is Associate Professor at the University of Iceland, School of Education. She received her doctorate from the University of Cambridge, UK, in 2014, focusing on American education policy and parental choices and practices in neoliberal times. Her earlier degrees are in teacher education (B.Ed.) and gender and education (M.A.). Her research interests are in comparative education policy studies and in the sociology of education with emphasis on social class, gender, race and learning disability as a matter of social justice in education. Prior to her academic career she worked as a teacher in compulsory schools for five years, as an equal opportunities officer at the University of Iceland and as a special adviser to the Minister of Education.

Heimildir

- Arnesen, A.-L., Lahelma, E., Lundahl, L. og Öhrn, E. (ritstjórar). (2014). Fair and competitive? *Critical perspectives on contemporary Nordic schooling*. London: Tufnell Press.
- Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2018, 26. október). „Það er auðvitað ekki þverskurðurinn af þjóðfélaginu sem býr hér“: Um vaxandi stétta- og menningaraðgreiningu í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins á árunum 1997–2016 [erindi flutt á Þjóðarspeglinum, Háskóli Íslands].
- Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). Fleiri vindar blása: Viðhorf reyndra framhaldsskólakennara til breytinga á skólastarfi 1986–2012. *Netla – Vefítímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/006.pdf>
- Ball, S. J. (1993). Education markets, choice and social class: the market as a class strategy in the UK and the USA. *British Journal of Sociology of Education*, 14(1), 3–19.
- Ball, S. J. (2003). *Class strategies and the educational market: The middle classes and social advantage*. London: Routledge.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Skóli án aðgreiningar: Átakapólar, ráðandi straumar og stefnur innan rannsóknarsvæðisins. Í Dóra S. Bjarnason, Ólafur Páll Jónsson og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans í kjölfar Salamanca* (bls. 64–94). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. (2018, 12. október). „Þessi venjulegu íslensku börn verða kannski hálfpartinn undir“: Um vaxandi þjóðernisbrottvarf og þyrpingar barnafjölskyldna í krefjandi aðstæðum í ákveðnum skólahverfum höfuðborgarsvæðisins [erindi haldið á Menntakviku, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands].
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafðís Gísladóttir. (2017). „Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi... sem borin er virðing fyrir“: Bjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu. *Netla – Vefítímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/08.pdf>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir. (2018). „Bara ekki mínar týpur!“ Sjúlfmyndarsköpun, félagsleg aðgreining og framhaldsskólalval. *Netla – vefítímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/13.pdf
- Brown, P. (1990). The ‘Third Wave’: Education and the ideology of parentocracy. *British Journal of Sociology of Education*, 11(1), 65–86. doi:10.1080/0142569900110105
- Creswell, J. W. (2013). *Qualitative inquiry and research design: choosing among five approaches*. Los Angeles: Sage.
- Dovemark, M., Kosunen, S., Kauko, J., Magnúsdóttir, B. R., Hansen, P. og Rasmussen, P. (2018). Deregulation, privatisation and marketisation of Nordic comprehensive education: Social change reflected in schooling. *Education Inquiry*, 9(1), 122–141. doi:10.1080/20004508.2018.1429768
- Eva Harðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2018). „Að þreifa sig áfram í myrkrinu“: Ríkjandi stefnur og straumar um ungt flóttafólk í íslensku grunn- og framhaldsskólakerfi. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 14(3), 183–204. DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2018.14.3.2>
- Forsey, M., Davies, S. og Walford, G. (Ritstj.). (2008). *The globalisation of school choice*. Oxford: Symposium Books.
- Francis, B., Skelton, C. og Read, B. (2012). *The identities and practices of high-achieving pupils: Negotiation achievement and peer cultures*. London: Continuum.
- Gewirtz, S. (2002). *The managerial school: post-welfarism and social justice in education*. London: Routledge.
- Guðrún Ragnarsdóttir Og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2014). Curriculum, crisis and the work and well-being of Icelandic upper secondary school teachers. *Education Inquiry*, 5(1), 43–67. doi:10.3402/edui.v5.24045
- Helga Dórey Júlíudóttir, Kristín Björnsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Framhaldsskóli á jaðri jaðarsins: Starfsbraut-sérnám innan Tækniskólans. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2016*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/menntun_mannvit_og_margbreytileiki_greinar_fra_menntakviku/007.pdf
- Holloway, S. L. og Pimlott-Wilson, H. (2013). Parental involvement in children’s learning: Mothers’ fourth shift, social class, and the growth of state intervention in family life. *Canadian Geographer*, 57(3), 327–336. doi:10.1111/cag.12014
- Katrín Jakobsdóttir. (2011, 2. apríl). *Hvernig tryggjum við nýnemum skólavist í framhaldsskólum?* Sótt af <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/fjarmala-og-efnahagsraduneytid/fyrri-fjarmalaradherrar/stok-raeda-fyrrum-fjarmalaradherra/2011/04/02/Hvernig-tryggjum-vid-nynemum-skolavist-i-framhaldsskolum/>
- Klett-Davies, M. (ritstjóri). (2010). *Is parenting a class issue?* London: Family & Parenting Institute.
- Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Privatization of the early childhood education in Iceland. *Research in Comparative and International Education* 11(1), 80–97. Tekið af <http://rci.sagepub.com/content/11/1/80>.
- Kvale, S. (1996). *Interviews*. An introduction to qualitative research interviewing. Thousand Oaks: Sage.
- Lauder, H., Brown, P., Dillabough, J.-A. og Halsey, A. H. (2006). Introduction: The prospects for education: Individualization, globalization, and social change. Í H. Lauder, P. Brown, J.-A. Dillabough og A. H. Halsey (ritstjórar), *Education, globalization and social change* (bls. 1–70). Oxford: Oxford University Press.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Magnús Þorkelsson. (2011). Hverjir eru valkostir nýnema í framhaldsskólum? *Ráðstefniurít Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/006.pdf>

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 1999*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2009). *Áfangaskýrsla starfshóps um innritun í framhaldsskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Nám er vinnandi vegur: Átak í menntamálum 2011–2014*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyslur/nam_v_vegur_2011-2015.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016, 7. desember). *Fundargerð vegna samráðsfundar við Menntaskólann á Akureyri*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Orfield, G. og Frankenberg, E. (ritstjórar). (2013). *Educational delusions? Why choice can deepen inequality and how to make schools fair*. Berkeley: University of California Press.

Popkewitz, T. S. og Fendler, L. (1999). *Critical theories in education: Changing terrains of knowledge and politics*. New York: Routledge.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 204/2012.

Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000

Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 1150/2008.

Silverman, D. (2010). *Doing qualitative research*. London: Sage.

Taylor, C. (2010). The globalisation of school choice? *Globalisation, Societies and Education*, 8, 163–166.

Vincent, C. (2001). Social class and parental agency. *Journal of Education Policy*, 16(4), 347–364. doi:10.1080/0268093011-54344

Yoon, E.-S., Lubienski, C. og Lee, J. (2018). The geography of school choice in a city with growing inequality: The case of Vancouver. *Journal of Education Policy*, 33(2), 279–298. doi:10.1080/02680939.2017.1346203



Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2018).

Ólíkur félagslegur og menntapólitískur veruleiki íslenskra framhaldsskóla: Nám til stúdentsprófs í 20 ár af sjónarhóli framhaldsskólakennara og -stjórnenda.

Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/12.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.12>

¹ Rannsóknin er hluti af rannsókn Berglindar Rósar Magnúsdóttur og markast af kenninga- og fræðasjónarhorni sem þar er lagt til grundvallar. Rannsóknin hefur verið styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til þriggja ára og ber heitið Framhaldsskólalaval í Reykjavík og Helsinki: Sjálfsmyndarskópun á opnum markaði og mun Sonja Kosunen, dósent við Helsinki-háskóla, safna og vinna úr sambærilegum gögnum um skólaval í Helsinki. Önnur grein í séríttinu tengist þessari rannsókn (Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018). Höfundar þessarar greinar unnu saman að spurningaramma og Ásgerður sá um að taka viðtölin og skrá þau orðrétt. Greinin er hluti af meistarafrígerð hennar. Þemagreining viðtalanna var einnig að mestu í höndum hennar en önnur úrvinnsla gagna var unnin í samvinnu beggja greinarhöfunda.